



Hafnarfjörður 8. mars, 2021

### Minnisblað

#### Efni: Skólasdagatöl leikskóla í Hafnarfirði skólaárið 2021 – 2022, mál 2103118

Minnisblað þetta er fylgiskjal með skóladagatölum leikskóla og staðfestingu foreldraráðs.

Leikskólar Hafnarfjarðar hafa lagt fram skóladagatöl fyrir leikskólastarf skólaárið 2021 – 2022. Alls leggja 18 leikskólar fram skóladagatöl til samþykktar að leikskólanum Hjalla meðtöldum sem er þjónusturekinn leikskóli.

Skóladagatöl fyrir leikskólanan Hlíðarberg og Smáralund verða lögð fyrir á næsta fræðsluráðsfundi þar sem samþykki foreldraráðs hefur ekki borist.

Við gerð skóladagatalsins eru sex skipulagsdagar, þar af þrjú sem eru sameiginlegir grunnskólum, aðra skipulagsdaga tímasetja leikskólar eftir skipulagi og starfsemi leikskóla eftir því hvar þeir nýtast skólastafi viðkomandi leikskóla.

Aðstoðarmaður sviðsstjóra hefur farið yfir öll skóladagatölin og undirbúið til staðfestingar fræðsluráðs.

Tvær óskir hafa borist um tilfærslu á sameiginlegum skipulagsdögum, í báðum tilfellum þann 23. ágúst og eru þær beiðnir lagðar fram með dagatölum og samþykkt foreldraráða ásamt rökstuðningi.

Leikskólinn Hjalli: Óskað er eftir því að skipulagsdagurinn verði færður til þar sem hann skarast á við aðlögunartímabil leikskólans. Leikskólinn óskar eftir að færa 23. ágúst fram til 15. október þegar ráðstefna Hjallastefnunnar er fyrirhuguð. Þessi beiðni mun ekki hafa áhrif á elstu deild leikskólans sem heldur skipulagsdeginum 23. ágúst óbreyttum, foreldraráð leikskólans Hjalla hefur samþykkt skóladagatalið.

Leikskólinn Víðivellir: Óskað er eftir því að skipulagsdagurginn 23. ágúst verði færður til 23. september. Leikskólinn vill dreifa skipulagsdögum yfir skólaárið og telur það nýtast betur með tilliti til sumarleyfa að færa til þennan dag, foreldraráð leikskólans Víðivalla hefur samþykkt skóladagatalið.

Hrunn Apríl Guðmundsdóttir  
Aðstoðarmaður sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs